

Áminning til ríkisvaldsins

Frá Ingólfi H. Ingólfssyni:

EITT megin hlutverk ríkisvaldsins er að skapa öllum þegnum þau skilyrði að þeir geti lifað við félagslegt- og efnahagslegt öryggi og notið almennra mannréttinda.

Þótt réttindi fólks eigi að vera almenn er þeim oft misskipt og minnihlutahópar hafa alla tíð þurft að berjast fyrir réttindum sínum við öfluga hagsmunaaðila. Það er hlutverk ríkisins sem fulltrúi almannaheilla að slá skjaldborg um þá sem veikastir eru í réttindabaráttunni svo ekki sé hallað á þá og gengið á rétt þeirra.

Það er því alvarlegt þegar stofnanir hins opinbera hafa frumkvæði að því að ganga á veikburða rétt geðsjúkra, þeirra einstaklinga sem eiga nánast allt undir því að ríkisvaldið verndi þá og tryggi öryggi þeirra.

Gæðhjálp skorar því á ríkisstjórnina að bregðast ekki þessari skyldu sinni og leiti annarra leiða í peningasparnaði en að svipta geðsjúka heimili sínu eða aðgangi að heilbrigðisþjónustu.

INGÓLFUR H. INGÓLFSSON,
frankvæmdastjóri.